

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 90/2022

2022/EES/61/02

frá 29. apríl 2022

## um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1703 frá 13. júlí 2021 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2020/692 að því er varðar dýraheilbrigðiskröfur vegna komu afurða úr dýraríkinu, sem er að finna í samsettum afurðum <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1064 frá 28. júní 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/520 að því er varðar samsetningu auðkenniskóða fyrir dýr vegna rekjanleika tiltekinna landdýra í haldi fyrir Breska konungsríkið að því er varðar Norður-Írland <sup>(2)</sup>.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á hluta 1.1 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlíð er bætt við lið 13f (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2020/692):  
  
„– **32021 R 1703**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1703 frá 13. júlí 2021 (Stjútíð. ESB L 339, 24.9.2021, bls. 29).“
2. Eftirfarandi er bætt við lið 13q (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/520):  
  
„, breytt með:  
  
– **32021 R 1064**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1064 frá 28. júní 2021 (Stjútíð. ESB L 229, 29.6.2021, bls. 8).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/1703 og framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/1064, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 339, 24.9.2021, bls. 29.<sup>(2)</sup> Stjútíð. ESB L 229, 29.6.2021, bls. 8.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Nicolas von Lingen***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.